

Menntamálastofnun

02 723

Ársreikningur 2022

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Menntamálastofnun
kt. 570815-0320
Víkurhvarfi 3, 203 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Menntamálastofnun er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli laga um menntamál nr. 91/2015.

Menntamálastofnun hefur skilgreint sem tilgang sinn „að nemendur fái notið bestu mögulegrar menntunar“. Stofnunin hefur nú með höndum verkefni sem áður voru á hendi Námsgagnastofnunar, Námsmatsstofnunar og mennta- og menningarmálaráðuneytis. Einnig hefur Menntamálastofnun verið falin umsjón með nýjum verkefnum og má þar nefna umsjón með innleiðingu Þjóðaráttaks um læsi.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 22 og málaflokk 30 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 1.326,3 milljónir og afkoma kr. 43,7 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 32,0 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 226,1 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáráukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Menntamálastofnunar í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Menntamálastofnunar fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Þórdís Jóna Sigurðardóttir
Forstöðumaður

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	952.200.000	906.300.000
Seld þjónusta	3	35.007.975	10.381.903
Framlög og ýmsar tekjur	4	325.481.474	330.143.450
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	13.601.585	8.441.933
Tekjur samtals		1.326.291.034	1.255.267.286
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	685.739.929	702.033.945
Annar rekstrarkostnaður	6	583.225.427	530.503.969
Afskriftir	7	13.601.585	8.441.933
Gjöld samtals		1.282.566.941	1.240.979.847
Afkoma fyrir fjármagnsliði		43.724.093	14.287.439
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(48.000)	(47.820)
		(48.000)	(47.820)
Afkoma ársins		43.676.093	14.239.619
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	27.976.093	9.239.619
Rekstrartilfærslur		15.700.000	5.000.000
		43.676.093	14.239.619

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
Eignir			
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir	8	31.551.747	35.170.091
Varanlegir rekstrarfjármunir:	9		
Áhöld, tæki og búnaður		20.228.829	27.943.541
Fastafjármunir samtals		51.780.576	63.178.632
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		0	641.047
Tengdir aðilar	10	154.638.647	140.625.420
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	11	816.546	0
Handbært fé		18.824.105	2.020.171
Veltufjármunir samtals		174.279.298	143.286.638
Eignir samtals		226.059.874	206.465.270
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	12		
Hrein eign		31.982.877	(11.693.216)
Eigið fé samtals		31.982.877	(11.693.216)
Skuldir			
Tengdir aðilar	10	2.872.483	1.089.269
Viðskiptaskuldir		60.742.543	87.404.931
Ýmsar skammtímaskuldir	13	86.045.324	75.746.054
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	14	44.416.647	53.918.232
Skuldir samtals		194.076.997	218.158.486
Eigið fé og skuldir samtals		226.059.874	206.465.270
Aðrar upplýsingar	15		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		43.676.093	14.239.619
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	13.601.585	8.441.933
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(13.601.585)	(8.441.933)
		<u>43.676.093</u>	<u>14.239.619</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(175.499)	1.943.552
Tengdir aðilar		(10.333.542)	(51.083.635)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(16.363.118)	26.567.793
		<u>(26.872.159)</u>	<u>(22.572.290)</u>
		<u>16.803.934</u>	<u>(8.332.671)</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð óefnislegra eigna		0	(29.065.154)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	9	(2.203.529)	(8.147.607)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna, verk í vinnslu		0	6.555.230
		<u>(2.203.529)</u>	<u>(30.657.531)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		0	7.757.531
Fjárfestingarframlag		2.203.529	22.900.000
		<u>2.203.529</u>	<u>30.657.531</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		16.803.934	(8.332.671)
		<u>2.020.171</u>	<u>10.352.842</u>
		<u>18.824.105</u>	<u>2.020.171</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggir atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisýrning og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisýrningar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbinding sé um virðisýrning. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisýrningartap fært í yfirlit um afkomu.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Skýringar

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-15 ár
Aðrar eignir	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstremis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2022	2021
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	952.200.000	906.300.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	13.601.585	8.441.933
	<u>965.801.585</u>	<u>914.741.933</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	929.000.000	15.700.000	0	944.700.000
Launabætur	7.500.000	0	0	7.500.000
Fjárveiting til tekna	936.500.000	15.700.000	0	952.200.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum	(908.523.907)	0	0	(908.523.907)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	27.976.093	15.700.000	0	43.676.093

3 Seld þjónusta

Ýmsar þjónustutekjur	33.390.000	9.256.553
Veitinga- og gistiþjónusta	1.617.975	1.125.350
	<u>35.007.975</u>	<u>10.381.903</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur	10.749.196	9.876.913
Kostnaðarhlutdeild	30.226.229	29.516.470
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	208.000.000	199.700.000
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	67.885.754	83.588.600
Ýmsar tekjur	8.620.295	7.461.467
	<u>325.481.474</u>	<u>330.143.450</u>

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	555.432.024	568.736.546
Orlof, breyting	(3.901.046)	1.863.538
Launatengd gjöld	127.045.630	127.762.048
Starfsmannakostnaður	7.163.321	3.671.813
	<u>685.739.929</u>	<u>702.033.945</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	49,5	54,9
------------------------------	------	------

Skýringar

	2022	2021
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	416.773	561.914
Byggingarvörur, almennar	57.814	32.477
Byggingarvörur, aðrar	19.127	25.383
Tæki og búnaður til innréttinga	0	16.525
Ýmis tæki og áhöld	2.424.081	1.918.636
Varahlutir og viðhaldsvörur	69.690	0
Orkugjafir	2.463.872	2.355.638
Matvæli	6.900.338	5.038.569
Almennar rekstrarvörur	487.317	469.837
Vörukaup, almenn	12.839.012	10.418.979
Ýmsar sérgreindar vörur	99.676	185.500
Vörukaup, sérgreind	99.676	185.500
Fundir, námskeið, risna	1.515.298	809.954
Ferðir, uppihald	8.000.179	1.957.687
Akstur	3.558.855	2.662.345
Sérfræðiþjónusta	204.980.023	207.290.637
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	122.580	73.448
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	12.348.535	14.499.786
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	162.124.335	137.733.785
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	392.649.805	365.027.642
Samningsbundin kaup og leiga	969.898	815.606
Afnotagjöld	74.421.020	67.831.091
Leigugjöld	94.176.664	79.282.514
Notkun véla og flutningatækja	1.880.816	1.134.254
Verkkaup	6.123.862	5.284.942
Kostnaðarhlutdeild	0	412.083
Tryggingar, lögboðnar	52.174	46.864
Opinber gjöld	2.500	0
Tilfærslur	10.000	64.494
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	177.636.934	154.871.848
Annar rekstrarkostnaður samtals	583.225.427	530.503.969
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	7.754.500	7.487.895
Sölutap og úreltar eignir	2.228.741	0
Niðurfærsla óefnislegra eigna	3.618.344	954.038
	13.601.585	8.441.933

Skýringar

	31.12.2022	31.12.2021
8 Óefnislegar eignir		
Óefnislegar eignir	31.551.747	35.170.091
Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2022:		Hugbúnaður
Stofnverð 01.01.2022		36.183.448
		<u>36.183.448</u>
Niðurfært 01.01.2022		1.013.357
Niðurfærsla ársins		3.618.344
		<u>4.631.701</u>
Staða 31.12.2022		<u>31.551.747</u>

9 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	20.228.829	27.943.541
Aðrar eignir	0	65.000
	<u>20.228.829</u>	<u>28.008.541</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2022:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2022	68.981.612	65.000	69.046.612
Viðbætur á árinu	2.203.529	0	2.203.529
Selt/úrelt á árinu	(27.562.668)	(65.000)	(27.627.668)
	<u>43.622.473</u>	0	<u>43.622.473</u>
Afskriftir 01.01.2022	41.038.071	0	41.038.071
Afskrift ársins	7.754.500	0	7.754.500
Selt/úrelt á árinu	(25.398.927)	0	(25.398.927)
	<u>23.393.644</u>	0	<u>23.393.644</u>
Staða 31.12.2022	<u>20.228.829</u>	0	<u>20.228.829</u>

Skýringar

31.12.2022 31.12.2021

10 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	152.756.695	139.717.727
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	1.881.952	907.693
	<u>154.638.647</u>	<u>140.625.420</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	2.872.483	1.089.269
	<u>2.872.483</u>	<u>1.089.269</u>

11 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður	816.546	0
	<u>816.546</u>	<u>0</u>

12 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	(11.693.216)	(25.932.835)
Afkoma ársins	43.676.093	14.239.619
Jöfnuður 31.12.	<u>31.982.877</u>	<u>(11.693.216)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

13 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof	71.845.008	75.746.054
Önnur ógreidd gjöld	14.200.316	0
	<u>86.045.324</u>	<u>75.746.054</u>

14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	51.780.576	63.178.632
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga) ...	(7.363.929)	(9.260.400)
	<u>44.416.647</u>	<u>53.918.232</u>

Skýringar

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2022	63.178.632	(9.260.400)	53.918.232
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	4.100.000	4.100.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	2.203.529	(2.203.529)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(13.601.585)	0	(13.601.585)
	51.780.576	(7.363.929)	44.416.647

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2022 munu kr. 10,5 milljónir koma til tekna á árinu 2023.

15 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði til ársloka 2029 og rekstrar- og þjónustusamninga til 2025. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 76,16 milljónum og vegna rekstrar- og þjónustusamninga kr. 59,69 milljónum. Aðrir samningar, árlegar greiðslur nema 1,88 mkr.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2022.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.